

9. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 86 4. júlí 1985 um viðskipta-
banka og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 26. maí 1987.

Matthías Bjarnason.

Tryggvi Axelsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almanna-
tryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. júní n.k. að telja um 2,85% frá því,
sem þær eru 31. maí 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með
síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um notkun glaðlofts við tannlækningar.

1. gr.

Tannlæknir hefur leyfi til að nota glaðloft við störf sín hafi hann lokið tilskildu námi,
sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir í því skyni, við Tannlæknadeild
Háskóla Íslands.

2. gr.

Tannlæknir getur einnig öðlast slíkt leyfi, hafi hann lokið námi í notkun glaðlofts og
glaðloftstækja, sem viðurkennt er af tannlæknadeild og ráðuneytinu.

3. gr.

Glaðloftsvélar, sem nota á hér á landi, skulu viðurkenndar af heilbrigðis- og
tryggingamálaráðuneytinu. Þær skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Vera þannig úr garði gerðar, að sjálfkrafa lokist fyrir flæði glaðlofts, ef súrefni þrýtur.
- Stjórnkerfi vélar tryggi, að aldrei geti verið minna en 20% súrefni í loftblöndu til
innöndunar.
- Rúmtak öndunarbelgs glaðloftsvélar skal ekki fara fram úr 1,5 lítra.
- Glaðloftsvél skal vera búin útsogskerfi, sem fjarlægir útöndunarloft sjúklings út úr húsi.

Auk þessa skal ávallt vera til staðar innan seilingar handvirkur öndunarbelgur (Ambu-
bag).

4. gr.

Hvenær sem talin er þörf á, og eigi sjaldnar en árlega, skal mæla hlutfall súrefnis og glaðlofts frá vél og gera lekaprófun á henni.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum þeim, sem um getur í 15. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um tannlækningar nr. 38/1985 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Garðabæjar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. maí 1987 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Garðabæjar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Garðabæjar og skipulagsstjóra ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um afnám banns við línu- og togveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 1. júní 1987 er felld úr gildi reglugerð nr. 436 4. desember 1985 um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. maí 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.